

Dómsmálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 5. ágúst 2022

2203036SA GB  
Málalykill: 01.40

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sýslumann, mál nr. 122/2022**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

**Almennt**

Á fundi stjórnar sambandsins sem haldinn var 25. mars 2022 var bókuð eftirfarandi afstaða til áforma um endurskipulagningu sýslumannsembætta:

*Í tilefni af fyrirhugaðri endurskipulagningu sýslumannsembætta leggur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áherslu á að horft verði sérstaklega til þess að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu um allt land og að þjónusta ríkisins verði sem víðast á landinu. Stjórnin tekur undir mikilvægi þess að leggja stórukna áherslu á stafræna þjónustu og að markmiðið með breytingunum verði að efla núverandi starfsemi og styrkja þær starfsstöðvar sem eru að þjónusta almenning um land allt. Einnig verði horft til þess að fjölga óstaðbundnum störfum og verkefnum utan höfuðborgarsvæðisins til að styðja við jákvæða byggðaþróun í landinu í samræmi við áherslur í byggðaáætlun. Þá hvetur stjórn sambandsins dómsmálaráðuneytið til að eiga í góðu samstarfi við landshlutasamtök og sveitarfélög í landinu áður en til breytinga kemur svo að tryggt verði að hlustað sé á raddir þeirra sem breytingarnar koma til með að hafa áhrif á.*

Ljóst er af framkomnum umsögnum um þau drög sem nú liggja fyrir að lagafrumvarpi að margir kalla eftir frekara samráði um málið, ásamt því að markmið breytinga og útfærsla þeirra verði skýrð betur en gert er í frumvarpinu. Á það bæði við um sveitarfélög og landshlutasamtök, sem hafa eðlilega áhyggjur af því hvernig þjónusta við íbúa muni þróast, en einnig kvarta stéttarfélög og Sýslumannafélag Íslands yfir því að ekki hafi farið fram nægilegt samtal um útfærsluna. Í flestum umsögnum er jafnframt bent á að hægt væri að ná helstu markmiðum frumvarpsins án þess að ganga jafn langt og gert er í frumvarpinu, þ.e. með því að fækka sýslumannsembættum úr níu í aðeins eitt og með því að segja upp öllum starfsmönnum embættanna.

Sambandið tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögnum annarra aðila um að áður en frumvarp verður lagt fram á Alþingi þurfi að skýra ákveðin atriði mun betur. Þetta á einkum við um eftirfarandi:

- Skýrt verði í frumvarpinu hvernig efla á embættin á landsbyggðinni eins og fyrirheit hafa verið gefin um í bréfi ráðherra til sambandsins frá 21. mars 2022. Til frekari áréttingar kallar sambandið eftir því að í skýringum við frumvarpið verði skýrt nánar hvernig frumvarpið fellur að markmiðum þingsályktunar um

stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, aðgerð A.8, þar sem lögð er áhersla á að opinber þjónusta í héraði verði eflid, atvinnutækifærum fjölgað og ríkisrekstur bættur.

- Núverandi valdsviði sýslumannsembættanna heima í héraði verði viðhaldið í lagatextanum svo bregðast megi við brýnum málum hratt og örugglega. Verkefni embættanna verði jafnframt skýr í lagatextanum.
- Gerðar verði langtíma fjárhags- og rekstraráætlanir fyrir embættin svo ráða megi starfsfólk í breytt embætti til langs tíma til að koma í veg fyrir spekileka og óþarfa rót á starfseminni.
- Leitast verði við að glata ekki mannauði frá sýslumannsembættum vegna óvissu um framtíðarskipan og hlutverk embættanna. Tekur sambandið undir umsögn Byggðastofnunar um mikilvægi þess að halda verðmætum og eftirsóttum stjórnunarstörfum í stjórnarsýslu ríkisins dreifðum um byggðir landsins.

#### Lokaorð

Sambandið lýsir vilja til frekara samtals við ráðuneytið um málið með aðkomu fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga. Tilefni er til að árétta að yfirlýst áform frumvarpsins um að fjölga opinberum verkefnum í landsbyggðunum, ásamt því að vísað er til möguleika á eflingu starfsemi með nýjum verkefnum í starfsstöðvum um landið, falla ágætlega að markmiðum byggðaáætlunar. Umsagnir draga hins vegar skýrt fram að þörf er á að byggja upp traust gagnvart því að þau áform muni ganga eftir. Í umsögnum er jafnframt dregið verulega í efa að fækkun sýslumannsembætta sé forsenda fyrir því að fjölga verkefnum og störfum á vegum hins opinbera um land allt.

Í frekara samtali um málið er því tilefni til að skýra mun betur en gert hefur verið hvort verkefnaflutningur til að efla starfsemi sýslumannsembætta sé háður því að ráðist verði í þá róttæku breytingu á stjórnarsýslu sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri